



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 28.07.2020

Málsnr. 2007683

Efni: Hraunhvammur 8. Umsögn vegna stækkunar lóðar.

Þann 27.7.sl. leggur Gunnar Máni Arnarson inn fyrirspurn um stækkun lóðar við Hraunhvamm 8 fyrir hönd eigenda hússins.

Erindi vegna lóðarstækkunar hefur áður borist sem fyrirspurn, málsnr. 2005580. Á fundi bæjarráðs þ. 16. júlí sl. var erindið tekið fyrir og afgreiðsla þess var eftirfarandi:

„18.liður frá afgreiðslufundi skipulags- og byggingafulltrúa þ. 24.júní sl.

Þann 28. maí sl. leggur Gunnar M. Arnarson inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa. Óskað er eftir að stækka lóð út mót bæjarlandi. Með erindinu fylgir skissa er sýnir fyrirhugaða stækkun.

Erindinu er vísað til bæjarráðs til afgreiðslu. Sjá umsögn arkitekts.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi mætir til fundarins

Bæjarráð samþykkir umbeðna lóðarstækkun að uppfylltum þeim ábendingum sem fram koma í umsögn arkitekts.“

Umsókn um lóðarstækkun sem nú liggur fyrir er sú sama og fram kemur í fyrirspurnarerindinu, málsnr. 2005580.

Mælt er með að lóðarstækkunin verði samþykkt í samræmi við þau gögn sem þegar hafa verið lögð fram í fyrirspurnarerindi (málsnr. 2005580) og fram komu í umsögn arkitekts dags. 22.6.2020.

Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi á umræddu svæði ber að grenndarkynna erindið.

Allur kostnaður vegna þess fellur á eigendur Hraunhvamms 8.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt